

Fundur í skólaráði 20.11.2018

Fundinn sátu: Laufey Leifsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Trostan Agnarsson, Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir, Sif Káradóttir, Hanna Dóra Björnsdóttir, Leó Einarsson, Sunna Sif Friðriksdóttir og Lára Gunndís Magnúsdóttir (fundarritari).

1. Samsetning skólaráðs

Hanna Dóra fór yfir samsetningu skólaráðs. Ragnhildur Jónsdóttir var samþykkt sem fulltrúi grenndarsamfélags. Aðalfundur foreldrafélagsins hefur ekki verið haldinn en á áætlun er að kosinn verði nýr fulltrúi í stað Laufeyjar Leifsdóttur sem starfað hefur í skólaráði til margra ára.

2. Drög að starfsreglum skólaráðs

Farið yfir drög af starfsreglum fyrir skólaráð. Drögin samþykkt og verða því að starfsreglum skólaráðs.

2. Starfsáætlun Varmahlíðarskóla 2018-2019

Farið yfir starfsáætlun ársins. Hanna Dóra greindi frá breytingu á skráningum í Mentor. Einnig var gerð grein fyrir verkefninu Leiðin að leiðsagnarmati í stærðfræði á yngsta stigi. Verkefnið fékk styrk úr Sprotasjóði. Það verkefni er að verða búið á yngsta stigi en nú er að hefjast sambærileg vinna á miðstigi. Einnig var rædd breyting á því að ekki er lengur verið að spjaldtölvuvæða heila bekki, allavega ekki um sinn. Heldur var ákveðið í haust í samráði við foreldra að prufa okkur áfram með að núverandi hópur (5. bekkur) fékk Chromebækur og vinnur á þær. Starfsáætlun samþykkt fyrir skólaárið 2018-2019.

3. Önnur mál

Erindi frá nemenda borið upp á nemendaráðsfundi, þ.e. spurt var um tyggjónél eða klakavél. Tekið var við erindinu en ekki talið líklegt að það náist að uppfylla það þegar kemur að forgangsröðun fjármuna.

Komið með tillögu um að myndmennt og textíl vinni saman að gerð pulla í stólana í kennslustofurnar.

Á fundi með foreldrafélaginu í morgun var rætt hvað vantaði helst í aðstöðu nemenda hér í skólanum. Hanna Dóra beindi þessum vangaveltum til fulltrúa nemenda.

Fundartími: ákveðið síðar þar sem á áætlun er að skipta út foreldrafulltrúa á morgun þegar aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn.

